um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands mega lán nema 85% kostnaðar — eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að 67% kostnaðar — eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðum erlendis.

Enn fremur er Fiskveiðasjóði heimilt að lána út á eldri skip, sem endurbyggð hafa verið, allt að 45% af matsverði skipanna, enda hafi matið verið framkvæmt af trúnaðarmönnum Fiskveiðasjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað allmikil uppbygging skipasmíðastöðva í landinu. Byggðar hafa verið dráttarbrautir og skipasmíðastöðvar í öllum landsfjórðungum og þessi fyrirtæki búin allgóðum tækjum og sums staðar mjög góðum tækjum.

Við rekstur þessara skipasmíðastöðva hafa verið bundnar miklar vonir í sambandi við atvinnuuppbyggingu þeirra byggðarlaga, þar sem þau eru staðsett. En þessar skipasmíðastöðvar hafa verið verkefnalitlar og sumar verkefnalausar hvað nýsmíði skipa snertir, því að sú endurnýjun bátaflotans, sem átt hefur sér stað, hefur að langmestu leyti stafað af innflutningi skipa erlendis frá. Þeir, sem lagt hafa í þau stórræði að kaupa ný skip, hafa talið hagkvæmara að láta byggja þau erlendis. Flm. þessa frumvarps telja þó þann hagnað mjög vafasaman, þegar allt er tekið með í reikninginn. Verður t. d. að telja það mjög óhagkvæmt, séð frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að nýta ekki það vinnuafl, sem fyrir hendi er í þessum iðnaði og sannanlega getur innt af hendi þessi verkefni. Auk þess hlýtur það að verða þannig, ef engin nýsmíði á sér stað í þessum iðnaðarfyrirtækjum, að iðnaðarmennirnir kunna bókstaflega ekki að framkvæma þær viðgerðir, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa í sambandi við flokkunarviðgerðir á hinum nýju stálskipum, en að því kemur nú sem óðast, að slíkar viðgerðir þurfi að fara fram.

Það hlýtur að vera mikið hagsmunamál hins íslenzka skipasmíðaiðnaðar, að slíkar viðgerðir verði framkvæmdar hér innanlands, enda ekki vansalaust slíkri þjóð sem Íslendingum, sem á svo til allt sitt undir fiskveiðum komið, að bæði nýsmíði og viðgerðir fiskiskipa fari fram erlendis.

Eitt af þýðingarmestu atriðum í sambandi við skipasmíðar innanlands eru lánamálin. Er ekki óeðlilegt, að lán til skipa, sem byggð eru innanlands, séu mun hærri en lánin til skipa, sem byggð eru erlendis. Enda þótt mismunur á lánum í þessu efni hafi verið nokkur, teljum við, sem að þessu frumvarpi stöndum, þann mismun of lítinn, og leggjum því til, að sá mismunur verði enn meiri og að lána skuli 85% af kostnaðar- eða matsverði. Verði þetta samþykkt, mun það hafa í för með sér mjög auknar skipasmíðar innanlands, öllum til mikilla hagsbóta.

Flm. þessa frumvarps er ljóst, að margt annað þarf að gera til eflingar skipasmíðaiðnaðinum, sem vinda verður bráðan bug á að koma í framkvæmd, en það verður að gerast á öðrum vettvangi en hér er rætt um.

Hvað viðvíkur lánum til eldri skipa, er rétt að taka fram, að slík lán hafa verið veitt í vissum tilfellum og þá með aukaveðum. Hins vegar hafa þau lán verið mjög lág og hvergi nærri komið að því gagni, sem þyrfti. Hér er lagt til að koma til móts við þá, sem lagt hafa fjármuni í að endurbyggja gömul skip, sem talin hafa verið mjög vel nothæf, einmitt í sambandi við þær veiðar, sem einna þýðingarmestar verða að teljast, bolfiskveiðar til hráefnisöflunar fyrir frystihúsin. En út á þessi skip hafa engin viðhlítandi lán fengizt.